

Atvinnuveganefnd Alþingis.

Sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is.

Reykjavík, 12. apríl 2021.

Umsögn

um drög að til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003 og lögum nr. 75/2004 um stofnun Landsnets hf., 628. mál.

Umbjóðandi minn, svissneska fyrirtækið Climeworks AG, Birchstrasse 155, CH-8050 Zurich („Climeworks“), hefur falið mér að senda þessa umsögn um ofangreint frumvarp. Climeworks er þessa dagana að reisa verksmiðju á Hellisheiði sem kemur til með að nota töluvert af raforku (og hita) þó sú raforkunotkun muni ekki ná svonefndu stórnotendaviðmiði. Verksmiðjan verður í Jarðhitagarði Orku Náttúrunnar við Hellisheiðarvirkjun. Í verksmiðju Climeworks verður koltvísýringur fangaður úr andrúmslofti með DAC tækni (e. Direct Air Capture) og afhent Carbfix ohf. í gegnum leiðslu sem sér síðan um að tryggja örugga geymslu koltvísýringsins með því að láta hann steinrenna neðanjarðar. Basalt sem er neðanjarðar á Íslandi veitir kjöraðstæður fyrir þetta ferli sem er varanleg lausn á geymslu koltvísýrings. Orkan sem DAC tæknin notar kemur einungis frá endurnýjanlegum orkugjöfum sem Orka Náttúrunnar útvegur en fyrirtækið rekur Hellisheiðarvirkjun. Climeworks mun kaupa rafmagn, hita og kælivatn beint frá Hellisheiðarvirkjun, auk flutnings á koltvísýringi að niðurdælingarsvæði af Orku Náttúrunnar ohf. Auk þess mun fyrirtækið kaupa þjónustu við niðurdælingu og bindingu koltvísýrings í berg af Carbfix ohf. Climeworks er að skoða möguleika á að reisa stærri verksmiðju af sama toga á Íslandi.

Climeworks hefur sent umsókn til Orkustofnunar um beintengingu við Hellisheiðarvirkjun á grundvelli ákvæðis 6. mgr. 12. gr. a. í raforkulögum, nr. 65/2003. Samkvæmt ákvæðinu mun Climeworks eiga rétt á 60% afslætti af úttektargjaldi, sbr. lokamálslið ákvæðisins og 5. mgr. sömu greinar. Í ákvæði 5. mgr. kemur fram að heimilt sé að veita frekari afslátt af úttektargjaldi ef úttekt er alfarið háð því að orkan komi frá virkjuninni eins og á við um verksmiðju Climeworks.

Climeworks leggur til að við 13. gr. frumvarpsdraganna, sem breytir 12. gr. a. raforkulaga, verði bætt útfærslu á heimild til beintengingar við virkjun. Skýra þarf heimildir til að veita afslátt af flutningsgjaldi, þannig að skýrt sé að afslátturinn geti orðið allt að 100%, þannig að ekki sé greitt flutningsgjald þegar viðkomandi starfsemi hefur enga tengingu við flutningskerfið og nýtur engrar þjónustu þess eins og mun verða í tilfalli Climeworks. Þá sé einungis greitt fyrir kerfisþjónustu og

einnig gæti verið eðlilegt að viðkomandi aðilar greiði eftirlitsgjald skv. 31. gr. laganna, þar sem Orkustofnun kemur að málum er varða beintengingar við virkjun.

Þess vegna leggjum við til breytingu á 8. gr. frumvarpsdraganna sem mun verða 1. mgr. 8. gr. og er svohljóðandi:

Við 5. mgr. 12. gr. a laganna bætist nýr málslíður sem verður þriðji málslíður og hljóðar svo:

Að jafnaði skal afsláttur vera 100% ef notandi er ekki tengdur við flutningskerfið og notandi nýtur engrar þjónustu frá flutningsfyrirtæki.

Climeworks er nýsköpunar- og sprotafyrirtæki í ört vaxandi alþjóðlegum iðnaði sem mun hjálpa til við að draga úr loftlagsbreytingum. Climeworks er nú að reisa sína fyrstu verksmiðju sem mun nýta sér aðferðir Carbfix og stefnir að því að reisa aðra verksmiðju að því gefnu að hvatar til þess verði jákvæðir. Þessi tækni mun hafa jákvæð áhrif á loftlagsbreytingar á heimsvísu. Fyrirhuguð starfsemi Climeworks á Íslandi er tækifæri fyrir Ísland og íslensk fyrirtæki til að njóta góðs af alþjóðlegri þróun í iðnaði sem fangar koltvísýring úr andrúmslofti og þann iðnað ætti að örva og styðja með öllum nauðsynlegum ráðum.

Climeworks hefði áhuga á að fá að mæta á fund Atvinnuveganefndar og ræða málið nánar. Starfsmenn Climeworks eru tilbúnir að koma til landsins vegna þess en gera þyrfti ráð fyrir ferðatíma og tíma í sóttkví þegar boðað væri til fundarins. Einnig eru þeir tilbúnir að funda í gegnum fjarfundarbúnað ef það hentar betur.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaðan ef frekari spurningar vakna eða þörf er á frekari upplýsingum. Netfangið mitt er mo@logmal.is.

Virðingarfyllst,


Magnús Óskarsson,
hæstaréttarlögmaður.